

# Meira nöldur

## Á milli ára

Loks má nefna að það hefur verið býsna áberandi undanfarið hjá læknum og læknanemum að talað er um fjölgun eða fækkun í hópi tilfella „á milli ára“ eða „á milli sjúklingahópa“. Samkvæmt Íslenskri orðabók Eddu er atviksorðið **milli** notað um *hreyfingu frá einum stað til annars* (skipið siglir milli staða) og *tiltekna afstöðu* (bærinn stendur milli hæðanna) eða *um tíma* (vikan milli jóla og nýárs). Ekkert af þessu á hér við. Hvorki er nokkur afmarkaður tími milli ára, né eru sjúklingar milli sjúklingahópanna sem til rannsóknar eru.

## Holdastuðull

Hugtakið **body mass index** er meðal annars notað í næringarfræði til að gefa til kynna hvort líkamsþyngd er hæfileg miðað við líkamslengd. **Líkamsþyngdarstuðull** er það heiti sem oftast hefur verið gripið til. Stuðullinn er þannig reiknaður að líkamshæð í metrum í öðru veldi ( $m^2$ ) er deilt í líkamsþyngdina í kílóum ( $kg/m^2$ ). Stuðull á bilinu 20-25  $kg/m^2$  lýsir kjörþyngd og gefur til kynna að orkuneysla og orkueyðsla séu í jafnvægi, þannig að hætta á hinum svonefndu ofneyslusjúkdómum sé í lágmarki. Undirritaður heyrði nýlega notað heitið **holdastuðull** um þetta fyrirbæri og hreifst af. Holdastuðullinn gefur augljóslega til kynna í hvernig holdum menn séu, þó „góð hold“ samkvæmt íslenskri málvenju, séu ekki endilega heilbrigðisfræðilega ákjósanleg.

Rifja má svo upp að nafnorðið **hold** hefur fleiri en eina merkingu. Í Íslenskri orðabók Eddu er það sagt merkja *kjöt*, en dæmin, sem tekin eru um notkun þess í orðasamböndum, sýna að það nær einnig til fituvefja. **Að vera í góðum holdum** merkir *að vera feitur* og **að ganga úr holdum** merkir *að leggja af megrast*.

## Unknown primary

Sigurður Björnsson, krabbameinslæknir, hringdi og sagðist vera að fást við enska heitið **unknown primary** í samsetningunni **metastasis from unknown primary** [site]. Honum fannst þau íslensku heiti, sem fram hafa komið, heldur stíðleg: **meinvarp frá óþekktu frumæxli** og **meinvarp frá óþekktu frumseti**. Hann lagði til þrísamsetta heitið **dultogamein**.

Kvenkynsnafnorðið **dul** táknar *leynd*. Í samsetningum er það gjarnan notað um það sem er leynilegt, leyndardómsfullt eða yfirnáttúrulegt, svo sem **dulmál** og **dulspeki**. Samkvæmt Íslenskri orða-

bók Eddu merkir karlkynsnafnorðið **togi** *þráður, kamba, ullarkamba, lyppa*. Orðasambandið **af sama toga** er notað til að tákna það sem er af sama uppruna eða sama eðlis. Hvorugkynsnafnorðið **mein** er svo *sjúkdómur* eða *veikindi*, oft notað í samsettum heitum til að tákna staðbundna meinsemd frekar en almenn veikindi. **Dultogamein** er þannig *meinsemd af óþekktum uppruna* (strangt til tekið ekki endilega krabbamein!).

## Dulkrabbamein

Í kjölfar þessarar umræðu rifjaðist upp að áður hefur verið fjallað um fyrirbærið **occult carcinoma**, *kínískt ógreint frumæxli með greindum meinvörpum*. Bjarni heitinn Bjarnason, fyrrum formaður Krabbameinsfélags Íslands, bjó á sínum tíma til heitið **huldukrabbamein** (Læknablaðið 2000; 86: 64), undirritaður setti fram tillöguna **dulkrabbamein** í tengslum við umfjöllunina (Læknablaðið 2000; 86: 711) og Íðorðasafn lækna geymir heitið **leynikrabbamein** (Læknablaðið 2000; 86: 803). Ef til vill má sameina tillögur okkar Sigurðar í heitinu **dulkrabbamein** til að nota um frumkrabbamein á óþekktum stað.

## Agonist

Jóhann M. Lenharðsson, lyfjafræðingur, sendi tölvupóst og sagðist um árabíl hafa notað heitið **örvi** sem þýðingu á **agonist** þegar um væri að ræða efni sem verkaði örvandi um viðtaka, **viðtakaörvi**. Til samræmis hafði hann sett í notkun heitið **andörvi** um efni sem hindraði verkun með því að bindast viðtaka. Það heiti sagði hann þó ekki hafa fengið góðar undirtektir. Í staðinn hefðu komið fram heitin **blokki**, um efni sem koma í veg fyrir áverkun, **hemill**, um efni sem draga úr verkun ensíms, og **loki**, um efni sem loka jónagöngum. Þessu er hér með komið á framfæri.

Þetta eru allt lipur heiti, en undirritaður getur þó ekki látið hjá líða að lýsa þeirri skoðun sinni að **verki** sé einnig lýsandi og gott almennt heiti fyrir **agonist**, efni sem verkar á viðtaka.

## Antagonist

Ólafur Ingimarsson, læknir, sendi tölvupóst frá Svíþjóð og stakk upp á heitinu **verji** (sbr. Rómverji) sem samheiti fyrir efni sem koma í veg fyrir verkun um viðtaka. Hann sá þannig fyrir sér heitið **viðtaka-verji** til að nota um efni sem verja viðtaka fyrir verkun annarra efna. Æskilegt væri að „prófa“ þessi heiti í talmáli og textum.



Jóhann Heiðar  
Jóhannsson

[johannahj@landspitali.is](mailto:johannahj@landspitali.is)

Jóhann Heiðar er læknir  
á Landspítala Hringbraut.